

LÖG

um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta skuli greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingaþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana, er gjaldfalla á tilteknu tímabili hér eftir, ef lántaki óskar.

Þeim greiðslum, sem frestað er samkvæmt framansögðu, skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksaflla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksaflla milli skipa m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa. Við skiptingu afla milli skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á vissum tegundum sjávaraflla, skal heimilt að miða við heildaraflaverðmæti fiskiskipa sem ekki hafa fengið slík leyfi.

Ráðherra getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að veiðar á ákveðnum tegundum fiskstofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri, þ. á m. botn- og flotvörpu, eða veiðar ákveðinna gerða skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m. a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar hafa stundað.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum 2 000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr. ef um ítrekað brot er að ræða.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984 og gilda til ársloka 1984.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.